

Fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga bs. haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík 15. október 2018 kl. 13:15.

Fundinn sátu framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaga HNP bs.; Aðalsteinn J. Halldórsson, Dagbjört Jónsdóttir, Elías Pétursson (á Skype), Kristján Þór Magnússon, Sigurður Þór Guðmundsson (í síma) og Þorsteinn Gunnarsson. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri HNP bs. og ritaði fundargerð.

Formaður, Dagbjört Jónsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Lagði hún til að bætt yrði á dagskrá liðnum **Tillaga að breytingum á samþykktum AP ses.** Var það samþykkt.

Á fundi gerðist þetta:

1. Fjárhags- og starfsáætlanir 2019

Fyrir liggur starfs- og rekstraráætlun frá NVÞ, rekstraráætlun og fundargerð frá AVÞ og forsendur rekstraráætlunar BVP byggja á samtölum við formann nefndarinnar en starfsáætlun hefur ekki verið send inn. Þá liggur fyrir rekstrar- og verkefnaáætlun MMP sem samþykkt var á stjórnarfundum stofnunarinnar 27. sept. sl.

Farið var yfir forsendur áætlanna og einstaka liði. Eftir umræðu var samþykkt að leggja þær fyrir haustfund fulltrúaráðs til afgreiðslu.

2. Framhald Þingeyjarverkefnisins

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu verkefnisins en skipulagsvinnu er lokið og er skipulagið í auglýsingaferli sem lýkur 26. okt. nk.

Gert er ráð fyrir að sækja um framlag til Þingeyjarverkefnisins úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða fyrir árið 2019 til hönnunar mannvirkja skv. skipulagi og gerðar kostnaðaráætlana. Framlag HNP bs. verði fjármagnað af uppsöfnuðum veiðiréttartekjum vegna Þingeyjar.

3. Erindi HSP – næstu skref

Í framhaldi af umræðu á síðasta fundi samþykkir framkvæmdastjórnin að taka málið til umræðu á haustfundi fulltrúaráðsins. Fyrir fundinn er gert ráð fyrir að erindið hafi verið kynnt í flestum sveitarstjórnnum sbr. bókun síðasta fundar.

4. Sameiginleg atvinnustefna aðildarsveitarfélaga HNP bs.

Framkvæmdastjóri vakti máls á umræðu sem fram hefði farið á síðasta aðalfundi AP hf. um mótun sameiginlegrar atvinnustefnu aðildarsveitarfélaganna. Málið rætt og kom m.a. fram að slík stefna gæti nýst til samræmingar við gerð aðalskipulags einstakra sveitarfélaga og þannig orðið til þess að treysta samstöðu og gagnkvæman stuðning sveitarfélaganna við stærri hagsmunamál hvers um sig. Nokkur sveitarfélaganna stefna að endurskoðun gildandi aðalskipulags og þá liggur fyrir skv. skipulagslögum að sveitarstjórnir eiga að meta endurskoðunarpörf aðalskipulags að loknum sveitarstjórnarkosningum. Þeirri hugmynd varpað fram hvort þau gætu e.t.v. staðið saman að vali skipulagsráðgjafa til að minnka kostnað og tryggja betra samhengi í skipulagsvinnunni innan sameiginlegra atvinnu- og þjónustusóknarsvæða.

Samþykkt að taka málið upp á haustfundi fulltrúaráðsins til frekari umræðu enda um að ræða pólitíska stefnumótun sem er á borði kjörinna fulltrúa.

5. Haustfundur fulltrúaráðs

Boðað hefur verið til haustfundar fulltrúaráðsins 24. okt. nk. og er dagskrá hans skv. 5. gr. stofnsamnings byggðasamlagsins.

6. Tillaga að breytingum á samþykktum AP ses.

Í samræmi við bókun síðasta fundar hafa formaður og Kristján Þór unnið tillögu að breyttri 8. gr. samþykpta AP ses. varðandi stjórnarkjör með formanni stjórnar AP ses.

Tillagan rædd og eftir umræður þannig samþykkt með ákveðnum orðalagsbreytingum:

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð sex einstaklingum og jafn mörgum til vara, kjörnum á ársfundi til eins árs í senn. Leitast skal við að kynjahlutföll séu jöfn í stjórninni og aldrei skulu skipaðir færri en tveir einstaklingar af hvoru kyni. Stjórn skal þannig skipuð skv. tilnefningum; tveimur fulltrúum frá Norðurþingi / Tjörneshreppi, einum fulltrúa frá Þingeyjarsveit / Skútustaðahreppi, einum fulltrúa frá Langanesbyggð / Svalbarðshreppi, einum fulltrúa atvinnurekenda og einum fulltrúa stéttarfélagi.

Sveitarfélögin, atvinnurekendur og stéttarfélög skulu tilnefna fulltrúa sína og stilla upp sameiginlegri tillögu fyrir ársfund fulltrúaráðs þar sem stjórn er kjörin með formlegum hætti.

Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og skal kjósa formann, varaformann og ritara.

Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar á milli funda fulltrúaráðsins og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi stofnunarinnar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina, þ.m.t. prókúru. Stjórn áritar ársreikninga ásamt framkvæmdastjóra áður en þeir eru lagðir fyrir ársfund.

Að fenginni afstöðu stjórnar AP ses. til tillögunnar verður hún send stofnaðilum sjálfseignarstofnunarinnar til umfjöllunar í samræmi við ákvörðun stofnfundar hennar 29. ágúst sl.

7. Önnur mál

Ekkert var bókað undir þessum lið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:30